

Greinargerð um stöðu verklegra framkvæmda – júlí 2025

1. Dæluhús – Uppsalar

Lóðin er nánast tilbúin fyrir uppsetningu hússins. Teikningar hafa verið samþykktar, og gerðar hafa verið smávægilegar breytingar á hönnun sem einfalda framkvæmdina og lækka kostnað. Þrjár verðfyrirspurnir voru sendar út og bárust tvö tilboð:

- RG Smíði: kr. 5.100.000,- m/vsk
- Bláhæð ehf.: kr. 5.700.000,- m/vsk

Lóðin hefur verið afgirt og vinna við grunn (púða) er að klárast. Áætluð verklok eru í lok ágúst.

2. Körfuboltavöllur við Flóaskóla (15x20m)

Framkvæmdir eru hafnar. Skoðaðir voru möguleikar á að stækka steypa plötuna um 200 m² og leggja plastundirlag. Kostnaður við plast er kr. 12.000,- pr/m² og steypuvinna kr. 15–20.000,- pr/m². Ákveðið var að malbika völinn í stað þess að steypa.

Áætlaður kostnaður við malbikun er kr. 7–9.000,- pr/m². Malbikað verður beint yfir núverandi plötu til að forðast að saga eða fjarlægja núverandi sökkla/plötu. Fyrirhuguð girðing í kringum völinn þarf að ákveða, hvort við setjum eingöngu giðingu sem snýr að nágrannalóð í vesturenda svo bolti fari síður yfir. Við höfum fengið tilboð í girðingar.

1. Þrjár hliðar 120 með tveimur opnunum. Og 1 hlið sem er 2metra girðing. Verð 2.318.000,- m/vsk

2. Hérna er annað tilboð þar sem það er 2m há girðing við allar 6 körfurnar og lækkar svo á milli 3.037.000,-m/vsk

3. Þingborg – breytingar

Framkvæmdir hefjast 1. september og áætluð verklok eru í lok október. Verktakar hafa fengið verkáætlun sem unnið verður eftir.

4. Brandshús 4 – frárennislislagnir

Framkvæmdir hefjast seinnipartinn í júlí. Grava þarf upp frárennislislagnir frá húsinu og aðskilja regnvatn frá frárennsli. Lagnir verða myndaðar fyrirfram til að lágmarka gröfu- og framkvæmdakostnað þar sem engar teikningar eru til af lögnum eða byggingum.

5. Þjórsárver – breytingar á salernum

Verk gengur vel. Nýir innveggir hafa verið reistir og nýtt gipsloft komið upp með raflögnum. Pípari leggur vatn í komandi viku.